STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1996

14. júní 1996 713 Nr. 322

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, c og d gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	01.07.-31.12.	18.100	0	201
b)	Ostur til almennra nota:		26.100		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.		0	160
c)	Ostur til iðnaðar- og/eða matvælagerðar:		13.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.		0	160
d)	Eggjarauða - Annað:		19.400		
0408.1100	Þurrkuð	01.07.-31.12.		0	327
0408.1900	Önnur	01.07.-31.12.		0	87
0408.9100	Þurrkað	01.07.-31.12.		0	327
0408.9900	Annars	01.07.-31.12.		0	87

Gutenberg

Eggjakvóti er miðaður við skurnlaus egg í fljótandi formi. Við úthlutun kvóta skal magn umsóknar af þurrkuðum eggjum margfaldað með 3,77 við umreikning í óþurrkuð skurnlaus egg.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 39.100 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagerðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 26.100 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagerðar skv. töflu c) eru 13.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagerðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 323 14. júní 1996

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.